



13. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025 - 2026

5. janúar 2025 kl. 17:00

Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS), Hákon Leifsson (HL), Sigurður Elmar Birgisson (SEB, Ívar Hauksson (ÍH), Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS)) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi:

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt samhljóða.

2. Afreks- og hvatningarsjóður

Fyrir fundinum liggja reglur afreks- og hvatningarsjóðs sem HS og EG hafa skrifað. Umræður um reglurnar. Lagt er til að stjórn stofni þennan sjóð til að styðja við bakið á æskulýð félagsins í íþróttinni.

Reglurnar eru lagðar fyrir stjórn og eru samþykktar samhljóða.

Stjórn mun gera tillögu að stjórnarmeðlimum í sjóðnum á næsta fundi.

3. Æskulýðsnefnd

Breytingar hafa orðið á æskulýðsnefnd vegna mismunandi sjónarmiða um áherslur nefndarinnar. HS, EG, VFS og formaður nefndarinnar funduðu og lýstu yfir fullum vilja stjórnar til að styðja við starf nefndarinnar eins og því er lýst í stefnu félagsins um æskulýðsnefnd.

Framundan er spennandi vetur og skemmtilegir viðburðir fyrir krakkana til að taka þátt í.

4. Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

a. Fjármálastefna

Fyrir fundinum liggur fjármálastefna félagsins. Reglurnar eru lagðar fyrir stjórn og eru samþykktar samhljóða.

5. Stefnumótun

HS fer yfir hugmyndir um stefnumótunarfund félagsins. Dagsetning og fyrirkomulag stefnumótunarfundar rætt. Ákveðið að boða stefnumótunarfund 25. febrúar í félagsheimilinu.

6. Félagsjakkar og fatnaður

Hrímnir mun bjóða félagsmönnum upp á að panta keppnisjakka í félagslitunum þann 31. janúar næstkomandi en þá fer einnig fram fyrsta innimót ársins hjá Fáki í reiðhöllinni. Mátunin verður á meðan móti stendur eða frá 10 til 15 cirka. Mátunin verður auglýst á heimasíðu Fáks.

7. Önnur mál

a. Langholtspartur

Umræða um Langholtspart en Reykjavíkurborg hafði samþykkt á fundi borgarráðs þann 3. apríl 2025 að kaupa húsið. HS hefur spurst fyrir hjá Reykjavíkurborg og hefur málið eitthvað tafist en líklegt að þetta gangi í gegn á næstu vikum. Leigjendur eru í húsinu sem eru á vegum núverandi eiganda.

b. Dómpallur rifinn

Dómpallurinn verður rifinn á næstu vikum af verktökum.

c. Stórsýning

EG er falið að hafa samband við þá aðila sem hafa séð um Stórsýninguna. Hólaskóli mun vera með sýnikennslu um daginn.

d. Golfvöllur í Mosfellsbæ

Fákur fékk beiðni frá Hmf. Herði um að gera athugasemd við skipulag golfvallar í Mosfellsbæ en búið er að setja golfvöllin ofan í reiðleið og lítið tillit tekið öryggispátta er varðar ríðandi umferð. HS er falið að skrifa erindi vegna þessa.

Fundi var slitið kl. 18:10.